

Fundur myndlistarráðs

nr. 11/2023

Mánudagur 15. apríl 2023

Kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3

101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir - Listasafn Íslands, Margrét Elísabet Ólafsdóttir - Listfræðafélag Íslands, Katrín Elvarsdóttir - SÍM, Hlynur Helgason - SÍM og Tinna Guðmundsdóttir - verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar.

Fundardagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 27. mars 2023 samþykkt.
2. ISCP Umsóknir
 - Myndlistarráð fer yfir umsóknir fyrir gestavinnustofudvöl í International Studio and Curatorial Program. Fimm umsækjendur valdir á forvalslista. Myndlistarmiðstöð mun senda listann til ISCP sem tekur lokaákvörðun um styrkhafann.
3. Íslensku myndlistarverðlaunin 2024
 - Ásdís greinir frá að dómnefnd hefur hafið störf.
 - Tinna kynnir uppfærðar reglur um dómnefnd Íslensku myndlistarverðlaunanna. Búið er að bæta við klausu um að dómnefnd ákveði einnig samsýningu ársins, endurlit ársins og útgáfu ársins.
 - Rætt um að skipa þarf í dómnefnd ennþá fyrr og senda þarf tilnefningar næst 15. nóvember 2023.
 - Tinna mun senda tilnefningaraðilum uppfærðar reglur.
 - Ákveðið að auglýsa eftir tillögum frá almenningi einnig fyrr og opna tillögur 15. nóvember til 15. desember.
4. Stefnumótun myndlistarráðs
 - Myndlistaráð ræðir um stefnumótun fyrir helstu verkefni. Ásdís kynnir drög. Umræður um stefnuna.
 - Myndlistaráð ákveður að klára stefnumótun um miðjan júní.
5. Önnur mál
 - Myndlistarsjóður: Næsta umsóknarlota nálgast, opnað verður fyrir umsóknir í júlí og umsóknarfrestur er 21. ágúst.
 - Ákveðið að setja aftur inn í kostnaðaráætlun laun listamanna undir óstyrkhæfan lið. Ákveðið að minnka áherslu á sækja megi um 70% af heildarkostnaði. Ákveðið að umsókn sé ógild ef sótt er um minni upphæð en 300.000 kr og hærri upphæð en 3.000.000 kr. Tinna mun skoða hvort hægt sé að stilla umsóknarblaðið þannig ekki sé hægt að skila inn umsókninni ef umsóknarupphæð er ógild.
 - Rætt um aðferðir til að auka sýnileika myndlistarsjóð, sérstaklega þegar eru úthlutanir.

- Myndlist á Íslandi: Myndlistarráð fagnar nýjasta tölublað Myndlist á Íslandi. Rætt um hvaða möguleikar eru í stöðunni til að efna tímaritið ritstjórnarlega, t.d. með að birta fleiri rannsóknargreinar.

Fundi slitið kl. 18:00